

# Ársskýrsla Hjólreiðafélags Vesturlands



2023

**Hjólreiðafélag  
Vesturlands  
Ársreikningur  
(ósamþykktur)  
2023**

**Rekstrarreikningur**

**Tekjur:**

Styrkir	218,418
Félagsgjöld	230,3
Vaxtatekjur	24,348
Aðrar tekjur	26
<b>Samtals:</b>	<u>499,066</u>

**Gjöld:**

Viðburðarkostnaður	82,979
Bankkakostnaður	3,224
Annar kostnaður	139,108
Fjármagnstekjuskattur	5,357
<b>Samtals:</b>	<u>230,668</u>
Hagnaður /-tap ársins	268,398
<b>Samtals:</b>	<u>499,066</u>

**Hjólreiðafélag  
Vesturlands  
Ársreikningur  
2023  
Efnahagsreikningur**

**Eignir:**

Inneign á bankabók nr. 326-26-002678	386,482
Inneign á bankabók nr. 326-22-002677	311,841
Útistandandi kröfur	0
<b>Samtals:</b>	<u><u>698,323</u></u>

**Skuldir:**

Höfuðstóll	429,925
Hagnaður/ -tap ársins	268,398
<b>Samtals:</b>	<u><u>698,323</u></u>

## **Aðalfundur 2023**

Aðalfundur félagsins var haldinn 9. febrúar 2023 í UMSB-húsinu, Skallagrímsgötu 7a, 310 Borgarnesi. Þar var formaður endurkjörinn. Guðgeir Guðmundsson kom inn sem gjaldkeri, áður varamaður en Haukur Erlingsson steig til hliðar sem gjaldkeri. Ragnar Ingi Sigurðsson tók við hlutverki ritara og Dagný Pétursdóttir var þá meðstjórnandi, ásamt Reyni Georgssyni. Sem varamenn voru kosin Dagný Ósk Halldórsdóttir og Niels Hermannsson.

Aðalfundur 2024 verður haldinn 19. mars í UMSB-húsinu.

## **Stjórn Hjólreiðafélags Vesturlands**

Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir, formaður

Guðgeir Guðmundsson, gjaldkeri

Ragnar Ingi Sigurðsson, ritari

Dagný Pétursdóttir, meðstjórnandi

Reynir Georgsson, meðstjórnandi

Dagný Ósk Halldórsdóttir, varamaður

Niels Hermannsson, varamaður

## **Starf félagsins**

Hjólreiðafélag Vesturlands var stofnað árið 2022. Í dag eru félagsmenn 48. Félagið hefur ekki haldið úti skipulögðum æfingum heldur staðið fyrir ýmsum viðburðum, fyrir fólk á öllum aldri. Á síðastliðnu starfsári stóð félagið fyrir ýmsum viðburðum og tók þátt í Landsmóti 50+ í Stykkishólmi. Í fyrsta skipti var keppt undir merkjum félagsins í móti síðastliðið sumar. Félagið hefur auk þess verið að gera hjólaleiðir aðgengilegri og sýna frá þeim á facebook-síðu hópsins.


## **Helstu viðburðir**

Við hjóluðum saman í gegnum Zwift og fórum styttri samhjólsherðir.

15. apríl stóð félagið fyrir söfnunarsamhjöli í Borgarnesi, Akranesi og í Stykkishólmi - verið var að safna fyrir sérstöku hjóli fyrir strák sem lenti í hjólreiðaslysi.




Árleg ferð yfir Skarðsheiðina var 3. júní 2023. Ferðafélag Borgarfjarðarhéraðs gekk með okkur.



17. júní tók félagið þátt í hátíðarhöldum í Borgarnesi og hjólaði um bæinn með smá torfæruívafi.



23. júní stóð félagið fyrir keppni á Landsmóti 50+ í Stykkishólmi. Heppnaðist vel og var skemmtilegt.



7. júlí var fjölskyldufjör í Einkunnum. Hjóluðum þangað og hjóluðum þar um svæðið - ýmsar æfingar, leikir og grill í æðislegu veðri.



9. september hjóluðum við frá Ólafsvík og upp að Snæfellsjökli og svo til baka. Í fyrra fórum við yfir og enduðum við Arnarstapa.



## Framtíðarsýn félagsins

Markmið félagsins er að efla hjólreiðar á Vesturlandi, kynna hjólaleiðir á svæðinu og búa til nýjar. Félagið stefnir á að bæta aðstöðu til hjólaiðkunar innan þéttbýliskjarna á svæðinu, m.a. langar okkur að setja upp hjólabrautir sem bæði börn og fullorðnir geta æft sig á. Félagið stendur ekki fyrir skipulögðum æfingum en við stefnum á að bjóða upp á námskeið fyrir mismunandi hópa.

## Lokaorð

Félagið er nýlegt en smátt og smátt eru að myndast hefðir og félagið að stækka. Við vonumst til að geta eftt félagið og virkjað félagsmenn enn frekar.

**Fyrir hönd stjórnar Hjólreiðafélags Vesturlands,**

Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir

Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir, formaður